NÁTTÚRULEIKSKÓLINN

KRAKKAKOT

2020-2021

Ársskýrsla

Hjördís G. Ólafsdóttir

Náttúruleikskólinn Krakkakot

28. maí 2020

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Innra starf 4
Mat á innra starfi út frá starfsáætlun. 5
Uppeldi til ábyrgðar 5
Leikurinn 5
Hugarfrelsi 5
Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær bangsi 6
Læsi/Lesmál/Markviss málörvun 6
Skapandi efniviður 7
Auka listnám með Díönu 7
Vettvangsferðir og útikennsla 8
Námssögumöppur – skráning 8
Grænfáninn 8
Verkefni elstu barnanna 8
Aukin undirbúningstími og stytting vinnuvikunnar 9
Foreldrakönnun skólapúlsins 9
Hreyfing í vinnunni 11
Matsþættir út frá matsáætlun 11
Skólanámskrá 11
Nýbreytni og þróunarverkefni 12
Teymisvinna. 12
Tökum skrefin saman 12
Mannauður skólans 13
Starfsfólk 13
Sumarstarfsmenn 14
Starfsþróun 14
Barnahópurinn 15
Barnahópurinn tölulegar upplýsingar 15
Stoðþjónusta 16
Foreldrasamstarf 17
Foreldraviðtöl 17
Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu 17
Foreldraráð 18

Foreldrafélag 18
Túlkaþjónusta fyrir foreldra 19
Öryggismál 19
Slys á börnum 19
Slys á starfsfólki 20
Skráningar og eftirlit 20
Húsnæði og viðhald 21
Lokaorð 22

Inngangur

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. júní 2020 – 31. maí 2021. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið í Náttúruleikskólanum Krakkakoti þetta síðasta skólaár. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem lagt var mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2020 – 2021 ásamt helstu áherslum leikskólastarfsins þetta skólaár 1. desember 2020 átti leikskólinn 30 ára starfsafmæli og fögnuðu börn og starfsfólk saman þar sem ekki mátti bjóða neinum í heimsókn vegna Covid faraldursins. Dagurinn var dásamlegur í alla staði og voru listaverk eftir börnin til sýnis fyrir foreldra í gluggum leikskólans í tilefni dagsins.

Innra starf

Leikskólastarf í Krakkakoti grundvallast af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Einnig byggjum við starf okkar á skólastefnu Garðabæjar.

Sérstaða náttúruleikskólans Krakkakots er að við vinnum samkvæmt uppeldisstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“. Skólinn hefur um langt árabil lagt áherslu á að frjáls leikur barns sé helsta náms- og þroskaleið þess og er leiknum gefið mikið rými í daglegu starfi skólans. Skólinn vinnur að innleiðingu þróunarverkefnisins „Tökum skrefin saman“ ásamt tveimur öðrum leikskólum í Garðabæ. Verkefnið hefur fengið veglegan styrk frá þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar til að vinna að þróun starfs með yngstu börnum leikskólans.

Með allt ofangreint að leiðarljósi vörðum við leið að samþættu og skapandi leikskólastarfi sem hefur þarfir einstaklingsins að leiðarljósi á náms- og þroskaleið hans.

Mat á leikskólastarfi er bæði formlegt og óformlegt. Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfinu og vinna kerfisbundið að því að auðga gæði þess og gera það skilvirkara. Mat á skólastarfi fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsdögum og í dagsins önn með skráningum. Mat fer einnig fram í foreldraviðtölum og rýnihópum. Mat á skólastarfi hefur raskast töluvert þetta skólaár vegna alheimsfaraldurs Covid og því náðist ekki að fylgja matsáætlun fyrir þetta skólaár. Skólapúlsinn lagði foreldrakönnun fyrir foreldra í mars 2021 og má sjá niðurstöður hennar í kaflanum um mat á skóastarfi. Umbótaáætlun verður sett fram út frá niðurstöðum mats um það sem betur má fara í skólastarfinu.

Mat á innra starfi út frá starfsáætlun.

Uppeldi til ábyrgðar

Skólaárið 2020 – 2021 var unnið með fastar áherslur í skólastarfinu eins og uppeldis- og agastefnu skólans „Uppeldi til ábyrgðar“ og var hún lögð inn með barnahópnum eins og gert er á hverju hausti.
Við mat á verkefninu kom í ljós að allar deildar vinna við að leggja inn uppeldi til ábyrgðar að hausti. Allar deildir útbúa sáttmála. Þrjár eldri deildarnar vinna einnig með allar þarfirnar fimm en einungis er unnið með Ást og umhyggju á yngri deildunum. Allir eru sammála um að „Uppeldi til ábyrgðar“ sé komið inn í „veggi skólans“ og að starfsfólk noti orðræðuna sem lagt er upp með að notað sé í samskiptum við börn.

Leikurinn

Leikurinn á alltaf stærstan sess í leikskólastarfinu og er honum gefið mikið rými í daglegu starfi skólans. Leikefnið þarf að vera áhugavert og þroskandi og hæfa aldri barnanna. Lögð er áhersla á opinn efnivið sem leikefni í skólanum.

Við mat á leikefni skólans var starfsfólk sammála um að leikefnið væri fjölbreitt og að lögð sé áhersla á verðlausan efnivið s.s. tómar dósir, pappakassa og tuskubúta. Frjálsi leikurinn gengur mjög vel á öllum deildum og eru starfsmenn duglegir að skipta sér niður á leiksvæði barnanna. Það sem starfsfólki fannst helst vanta í leikefni barnanna voru Holukubbar, einingakubbar, segulkubbar, mjúkar dýnur, einfaldar bækur sem henta 2-3ja ár börnum, boltum og meira af allskonar útileikföngum.

Hugarfrelsi

Hugarfrelsi er verkefni sem búið er að vera í skólastarfinu í nokkur ár og er börnunum kennd öndun, slökun, hugleiðsla, hvíld og margir bæta jógaæfingum inn í stundirnar. Þessar stundir eru á sumum deildum einu sinni til tvisvar í viku en aðrar eru farnir að grípa í slökun og öndun þegar þurfa þykir og gefst það vel. Yngri deildirnar nota öndun og slökun markvisst áður en fari er í hvíld um hádegisbil.

Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær bangsi

Vináttuverkefni Barnaheilla er orðið fastur liður í skólastarfinu og eru sérstakar „kærleiksstundir“ á föstudögum þar sem kennsluefni vináttuverkefnisins er nýtt í stundunum.
Að mati starfsmanna þá er kennsluefnið sem fylgir Blæ vel nýtt og oftast einu sinni í viku. Það er misjafnt eftir deildum hvernig litli hjálparbangsinn er notaður sumstaðar sækja börnin mikið í hann til huggunar, annarstaðar sækja þau minna í hann og enn annarstaðar nýta þau hann sem öryggi og huggara í hvíldartímum. Stóri Blær er þó allstaðar sýnilegur og tilbúin að aðstoða og hjálpa. Allir starfsmenn voru sammála um að Teymisvinnan þvert á deildir kæmi vel út og nýttist vel í verkefninu.

Læsi/Lesmál/Markviss málörvun

Í Krakkakoti er unnið með markvissa málörvun út frá Læsistefnu Krakkakots en í henni er vörðuð sú leið sem leggur grunn að lestrarnámi barna og almennu læsi barna. Við mat á þessum þætti skólastarfsins kom fram að málörvun er mikið notuð alla daga og farið eftir Læsistefnu Krakkakots. Fastar málörvunarstundir hafa eitthvað vikið fyrir Lubbastundum en málörvun meira sinnt yfir allan daginn og í samverustundum. Allstaðar er lögð áhersla á tjáningu, söng og lestur. Læsi á tilfinningar og læsi á umhverfið er einnig markvisst unnið með. Lubbastundir eru á öllum deildum og mikið lagt í það verkefni á öllum deildum. Kennarar vinna í Lubbateymi þvert á deildir og bar öllum saman að sú umræða sem þar skapast og ákvarðanir sem þar eru teknar nýtist vel í vinnu með börnunum. Öllum bar saman um að börnunum fari mikið fram í orðaforða, málskilningi, máltjáningu frá hausti og fram til vors.



Skapandi efniviður



Í listakrók er lögð áhersla á að hafa gott aðgengi að opnum efniviði eins og pappír, límí, skærum, litum, málningu og verðlausum efnivið . Daglega eiga börn að hafa aðgengi að listakrók og þeim efnivið sem hann hefur uppá að bjóða. Við mat á skapandi starfi kom í ljós að listakrókur er alltaf nýttur alla daga nema þá helst hjá allra yngstu börnunum. Starfsfólk er orðið meðvitað um að leifa sköpunargleði barnanna að njóta sín og hafa fjölbreyttan efnivið í boði til sköpunar. Viðhorf starfsfólks hefur breyst með mikilli umræðu um þær leiðir sem farnar eru í listsköpun barna í leikskólanum, þ.e. að börn fái meira frelsi til sköpunar án þess að starfsmenn séu með fyrirfram ákveðnar hugmyndir að sköpuninni.

Auka listnám með Díönu

Í listaskála Krakkakots hefur Díana listgreinakennari höfuðstöðvar. Hún vinnur að skapandi verkefnum með elstu tveim árgöngum skólann. Hún kennir þeim formfræði, skoðar listaverkabækur og fjallar um listamenn. Í sameiningu skapa Díana og börnin töflusögur sem þau vinna svo áfram með og skapa sína upplifun af sögunni. Við mat á þessu verkefni sjá kennarar að börnin hafa mikla ánægju af þessum stundum og að teikningar barnanna þróist mikið á þeim tveim árum sem þau fá að vera með Díönu og að þau kynnist fjölbreyttum leiðum til að skapa.

Vettvangsferðir og útikennsla

Gönguferðir eru á dagskrá einu sinni í viku og hefur það gengið vel hjá eldri deildunum fyrir utan þegar veður hafa sett strik í reikninginn. Við mat á þessum þætti leikskólastarfsins kom fram að yngri deildirnar fara minna í vettvangsferðir en þær eldri. Börnin eru yngri og mörg ekki farin að ganga fyrst á haustin en þau fara meira þegar fer að vora. Eldri deildirnar fara einu sinni í viku og læra í leiðinni um áttaga sína, örnefni, fuglalíf, sjávarlíf, landslag og eru orðin meðvitaðri um umhverfi sitt. Börnin hafa mikla ánægju af þessum ferðum og safna gjarnan efniviði til listsköpunar í ferðunum og fegra jafnvel umhverfi sitt í leiðinni með því að plokka rusl.

Námssögumöppur – skráning

Yfir skólaárið eru skráðar tvær námssögur á öllum deildum. Við mat á námsöguskráningum voru allir sammála um að það gangi vel og treysta flestir sér til þess að gera skráningu. Eftir að undirbúningstími deildarstjóra/leikskólakennara var aukinn gefst meiri tími til skráningar og kemur það sér vel þar sem námssöguskráning getur tekið mikinn tíma.

Grænfáninn

Skólaárið 2020 – 2021 höfum við verið að vinna að því að flagga Grænfánanum í sjötta sinn með því að vinna að þemanu „Átthagarnir“. Við mat á verkefninu í vor kom okkur saman um að við værum ekki enn tilbúin til að flagga í sjötta sinn og ákváum að það væri bara allt í lagi.

Verkefni elstu barnanna

Stærðfræðiverkefnin Í talnalandi 1 og Í talnalandi 2 eftir Hafdísi Finnbogadóttur var notað í markvissum stundum elstu barnanna í vetur. Efnið er fyrir leikskólabörn og er áhersla lögð á hugtök og talnaskilning sem og talnaskráningu, talnalæsi, form og mynstur. Að meðaltali fara elstu börn leikskólans einu sinni í mánuði í heimsókn í Álftanesskóla á loka ári sínu í leikskólanum. Í vetur var ekki hægt Í vor fóru þau svo með myndir af sér sem voru vegna Covid að heimsækja Álftanesskóla eins og venja er. Þau náðu þó að heimsækja Álftanesskóla í fjögur skipti og í síðustu heimsókn fóru börnin með myndir af sér sem hengdar eru upp í skólanum undir yfirskriftinni „Væntanlegir nemendur“.

Hljómpróf voru tekin af öllum börnum í árgangi 2015 í október og gekk vel þannig ekki þurfti að endurtaka hjá neinum aftur í febrúar
Deildarstjórar ásamt tengiliði grunnskóla hittust einungis einu sinni yfir skólaárið þetta skólaárið vegna Covid og ekki hefur enn tekist að hittast og meta starfið í vetur.

Aukin undirbúningstími og stytting vinnuvikunnar

Starfsfólki bar saman um að nú gengur betur að klára öll þau verkefni sem snúa að deildastarfinu. Í vetur hefur verið innleiðing á bæði One og Teams og í því ferli hafa verið námskeið sem undirbúningstímar deildarstjóra hafa nýst í. Starfsfólki deildanna finnur sumt fyrir því að deildastjórinn er meira út af deildinni en finna samt að tíminn nýtist deildastjórunum vel.
Það er mat starfsfólks að styttingin gangi vel þar sem starfsmenn eru fjórir á deild en hún tekur verulega á þar sem þrír starfsmenn eru vanalega og tveir verða eftir með allan barnahópinn þegar stytting á sér stað. Starfsfólki fannst almennt að smá skrepp og læknisheimsóknir hefðu ekki minnkað og jafnframt minnast þeir á að erfitt sé að velja tíma hjá lækni. Draumastaðan hefði verið að fá starfsmann inn í staðinn því það er óneytanlega meira álag á þeim sem eftir eru og ef einhver tapar á þessu þá eru það börnin.

Foreldrakönnun skólapúlsins

Leikskólapúlsinn er vefkannanakerfi sem leggur kannanir fyrir foreldra og starfsmenn í leikskólum í Garðabæ annað hvert á hjá hvorum hópi.

Niðurstöður úr Foreldrakönnun Leikskólapúlsins 2021

Þátttaka foreldrar var nokkuð góð eða 88,2%

Foreldrakönnunin innihélt matsþættina:

- Daglegt leikskólastarf
- Námsumhverfi
- Samskipti við foreldra
- Upphaf og lok leikskólagöngu
- Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta
- Opnar spurningar
- Í aukakönnun var svo könnuð ánægja viðbrögð skólans í Covid faraldri.

Niðurstöður sýna að leikskólinn var yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttum. En betur má gera í flutningi milli skólastiga að mati foreldra og einnig eru foreldrar óánægðir með fjölda barna á deildum sem þeim finnst vera of mörg börn á deild sérstaklega á yngri deildum.

- Daglegt leikskólastarf:
    - Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann og stjórnun hans. Einnig var ánægja með hvernig tekið er á sérþörfum í mataræði og töldu foreldrar að almennt væri holt mataræði í skólanum. Ánægja var með húsnæði og aðstöðu en -5,3% foreldra fannst of mörg börn á deild miðað við landsmeðaltal. Ánægja barnsins í leikskólanum var svo á pari við landsmeðaltal en þar lækkaði skólinn um 3,0% milli ára.
- Námsumhverfi:
    - Foreldrar eru mjög ánægðir með vinnubrögð í skólanum eða 8% yfir landsmeðaltali. Aðstaða 3,4% yfir landsmeðaltali og í þættinum um félagsleg samskipti var skólinn 2,8% yfir landsmeðaltali. Skólinn var svo 1,6% undir landsmeðaltali í mæliþættinum þátttaka á aðgreiningar en þar er tækifæri til að gera betur.
- Samskipti við foreldra:
    - Mikil ánægja var með upplýsingamiðlun og þar skoraði skólinn 10% yfir landsmeðaltal og hækkaði sig um 8,4% sem var markmið frá síðustu foreldrakönnun. Foreldrar telja sig einnig almennt þekkja stefnu og námskrá skólans vel eða 10.9 % yfir landsmeðaltal. Foreldrum finnst einnig tengsl við starfsfólk vera mjög gott eða 8,1% yfir landsmeðaltali sem er mjög gott fyrir þessa þrjá matsþætti fékk skólinn * merkingu sem segir til um að skólin sé vel yfir landsmeðaltali í viðkomandi matsþætti. Matsþátturinn þar sem spurt var um hvort foreldrar væru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu fór niður um 6,6% sem getur talist eðlilegt þar sem foreldrar hafa ekki mátt taka þátt í skólastarfinu allt þetta skólaár en skólinn var þó 3,7% hærri en landsmeðaltal. Ánægja með heimasíðuna fór upp um 3.0% á milli kannana seim einnig var markmið okkar frá síðustu könnun.
- Upphaf og lok leikskólagöngu:

    Skólinn stóð í stað með ánægju með leikskólabyrjun en var 6,1% yfir landsmeðaltali. Flutningur á milli skólastiga fór hinsvegar niður um 23,3% og var 14,9% lægri en landsmeðaltal. Mögulega er þetta vegna þess að mjög mikil samskipti hafa verið á milli skólastiga um að vel takist til um flutning milli skólastiga. En síðasta skólaár hafa leikskólabörnin ekki mátt heimsækja

grunnskólann vegna Covid. Almenn ánægja var með flutning barna milli deilda en þar hækkaði skólinn sig um 8,2% milli kannana.

- Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:
    - Hlutfall sérkennslu og stuðnings hefur lækkað á milli kannana um 8,7% og hlutfall sérfræðiþjónustu hefur lækkað um 11% milli kannana.
- Opin svör:
    - Skólinn og starfsfólk hans fékk 44 falleg orð þar sem foreldrar eru að lýsa því hvað þeim finnst gott við leikskólann. Þar sem foreldar áttu að lýsa því hvað betur má fara fengum við einnig bara jákvæð orð eins og „finnst allt vel skipulagt“, „Heilt yfir ánægð með starfið“. Eitt foreldri hafði þó áhyggjur af áhrifum styttingar vinnuvikunnar og að það gæti bitnað á börnunum. Við fengum einnig nokkrar ábendingar um hvað mætti betur fara og er þar tækifæri til að gera betur.
- Ánægja með Covid viðbrögð.
    - 98,6% foreldra sem svöruðu könnuninni voru ánægð með viðbrögð skólans í Covid faraldrinum en einungis einn óánægður.

Hreyfing í vinnunni

Hreyfiverkefni starfsmanna í Krakkakoti hefur því miður dottið niður vegna utanaðkomandi breytinga eins og lengingu á undirbúningstímum leikskólakennara og styttingu vinnuvikunnar. Það er mat okkar að hreyfiverkefnið rúmist ekki lengur inn í dagskrá leikskólans og hafi of mikil áhrif á daglegt starf með tilkomu þessara tveggja þátta í nýjum kjarasamningi 2020.

Matsþættir út frá matsáætlun

Skólanámskrá

Sett voru markmið að klára að endurskoða skólanámskránna 2020. Skólastjórar eru búnar að lesa námskrána yfir og setja niður hvaða upplýsingar vantar í námskrána s.s. þróunarverkefni og þær nýjungar sem við höfum tekið upp frá því að skólanámsskráin leit dagsins ljós fyrst. Skólanámskráin er lifandi plagg sem er alltaf í vinnslu, á hverju ári eftir innra mat leikskólans út frá starfsáætlun og matsþáttum vetrarins eru gerðar lagfæringar á skólanámsskránni.

Mat á skólastarfi úr frá matsáætlun fór algerlega ofangarðs og neðan síðasta skólaár vegna aðstæðna í skólastarfinu. Meta átti þætti eins og dagskipulag skólans/deildanna og hreyfingu

leikskólabarna., Samkvæmt matsáætlun var matið mjög umfangsmikið og fór því aldrei af stað við þær aðstæður sem við bjuggum við á þessum tíma meðan skólinn var hólfaskiptur og ekki mátti t.d. fara í íþróttahús í hreyfingu.
Við gerum betur næst og hefur matsteymið lagt fram nýja matsáætlun fyrir skólaárið 2021 - 2022.
Skólastarfið var metið jafn óðum ef eitthvað kom upp sem þurfti að breyta og laga.
Vorið 2021 voru almennir matsfundir deildanna og þar voru metnir þættir út frá starfsáætlun skólans haustið 2020 og búið er að gera þeim skil hér að ofan

Nýbreytni og þróunarverkefni

Teymisvinna.

Haustið 2020 lögðum við af stað með teymisvinnu og bjuggum til fimm teymi innan skólans:

- Lubba- teymi
- Grænfána – teymi
- Vináttu – teymi
- Hreyfi – teymi
- Mats – teymi
- Stefnt var að því að teymin myndu hittast annan hvern mánuð í 25 mín í senn og á hver deild fulltrúa í hverju teymi. Það tókst þó ekki alveg vegna Covid hafta. Fundarritari skrifar niður fundargerð eftir hvern teymisfund og sendir inn á samskrá leikskólans og prentar út fyrir hverja deild. Teymisvinnan hefur gefist mjög vel og hefur verið mikil gróska í þessum þáttum leikskólastarfsins vegna teymis vinnunnar og umræðunnar sem þar fer fram.

Tökum skrefin saman

Er þróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við þær Hrönn Pálmadóttur og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur hjá Háskóla Íslands – menntavísindasviði. Verkefnið hélt áfram skólaárið 2020 – 2021og náðu tengiliðir skólanna að hittast þrisvar sinnum á skólaárinu og einnig náðu allir þátttakendur í Krakkakoti að hittast tvisvar sinnum. Covid hefur sett mikið strik í þetta verkefni, vegna hertra sóttvarnaraðgerða meira og minna allt skólaárið hefur

okkur ekki tekist að hittast og ræða saman eins og við hefðum viljað. Ingibjörg og Hrönn komu og hittu okkur í maí og reyndist það okkur gott til áfram haldandi vinnu við verkefnið.

Mannauður skólans

Starfsfólk

Í maí 2020 störfuðu 35 starfsmenn við skólann í samtals 30 stöðugildum þar af var 1 stöðugildi með stuðningskennslu. Einn starfsmaður var í langtíma veikindaleyfi. Fyrirtækið Dagar sjá um öll þrif í skólanum.



Starfsmannasamtöl fóru fram í mars. Allir starfsmenn voru mjög ánægðir í starfi og töldu starfsumhverfi og starfið mjög gott. Allir starfsmenn voru sammála um að þeim liði vel í vinnunni og voru afar ánægðir með starfsandann í Krakkakoti sem er frábært miðað við álagið sem hefur verið á starfsfólki á Covid tímum. Hugmyndaflugi starfsfólks hafa engin takmörk verið sett í að skapa tengsl milli sóttvarnarhólfa á meðan skólinn var í þremur sóttvarnarhólfum. Þar sem starfsfólk hittist ekki svo vikum skipti voru skipulagðar þemavikur og voru sett inn dansmyndbönd og hópmyndir milli deilda á fés-bókarsíðu starfsmanna.

Upplýsingaflæði til starfsfólks er afar mikilvægt og skapar mikið öryggi í starfi að mati starfsmanna.

Sumarstarfsmenn

Sumarið 2020 störfuðu 8 ungmenni við skólann á vegum Garðabæjar, þar af var einn flokkstjóri yfir ungmennunum.

Starfsþróun

Vegna Covid faraldurs var minna um að starfsfólk fór á námskeið. Minna hefur verið um að starfsfólk fari á námskeið vegna Covid faraldursins.

Fræðsla	**Fjöldi**
Velferð barna í Garðabæ, Guðrún Hrefna og Karítas	Allir starfsmenn
Líkamsbeiting við heimavinnu og almennt við tölvuvinnu	Leikskólastjóri
Hamingja og vellíðan á vinnustað, Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir	Allir starfsmenn
Opin efniviður, Sigurbaldur Frímannsson	Allir starfsmenn
Lubbanámskeið	Einn starfsmaður
Tras námskeið	Tveir deildastjórar
Hvernig á að takast á við erfiða hegðun, net fyrirlestur HR	Þrír starfsmenn
Íslenski málhljóðamælirinn	Sérkennslustjóri
Málþroski barna, netfyrirlestur dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir	Sex starfsmenn
Leikur barna, netfyrirlestur	Allir starfsmenn
Hugarfrelsi upprifjun Hrafnhildur og Unnur hjá Hugarfrelsi	Allir starfsmenn
Kennsla og innleiðing á One skjalavörslukerfið	Stjórnendur, sérkennslustjóri og deildastjórar
Kennsla á Teams fór fram í maí	Stjórnendur, sérkennslustjóri og deildastjórar
PECS námskeið	Sérkennslustjóri

Barnahópurinn

Barnahópurinn tölulegar upplýsingar







Stoðþjónusta

Alls hafa 26 börn notið aðkomu sérkennslustjóra og talmeinafræðings þetta skólaár. Tveir starfsmenn hafa séð um sérkennslu í alls 1,00 stöðugildi frá áramótum en Krakkakot fékk úthlutað samtals 8 tímum á dag til sérkennslu fyrir tvö börn. Sara Bjargardóttir, talmeinafræðingur, hefur komið í lotum til okkar þennan veturinn vegna Covid. Hún hefur verið að aðstoða börn með málþroska- og framburðarfrávik sem falla ekki undir sjúkratryggingar Íslands. Á sex-átta vikna fresti eru Samráðsfundir, þessa fundi sitja Margrét Þórarinsdóttir sérkennslufulltrúi, sérkennslustjóri og leikskólastjórnendur á Krakkakoti, Sara talmeinafræðingur og Þóra Helgadóttir sálfræðingur. .



Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl

Foreldrum barna sem eru að byrja í skólanum er boðið í foreldraviðtal u.þ.b. tveimur mánuðum eftir að barnið byrjar. Eins er foreldrum barna sem flytjast milli deilda á haustin boðið í viðtal þegar barnið er búið að vera um tvo mánuði á nýju deildinni. Þessi foreldraviðtöl eru valkvæð fyrir foreldra. Hefðbundin foreldraviðtöl eru einu sinni á ári, í mars – apríl.

Foreldrar eru hvattir til að koma með ábendingar til kennara eða skólastjórnenda og láta vita ef það er eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri. Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær sem er við deildastjóra eða leikskólastjóra ef þeir óska þess. Leikskólastjóri er ávalt reiðubúin til viðtals við foreldra þegar þeir óska þess. Niðurstöður foreldraviðtala voru mjög góðar og flestir foreldrar mjög ánægðir með leikskólastarfið. Foreldraviðtölin eru vettvangur foreldra til að koma með ábendingar um barn sitt og skólastarfið. Við lítum jákvætt á það að fá ábendingar um það sem betur má fara í skólastarfinu. Foreldrasamtöl hafa þurft að vera með öðrum hætti vegna Covid og ýmist boðið uppá símtal eða Skype fund.

Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu

Allir þeir viðburðir sem foreldrum er annars boðið að vera þátttakendur í hafa fallið niður vegna Covid faraldursins.

En við vonumst til að geta boðið þeim á.

- Útskrift elstu barna

- Opið hús/Listadagar (sýning í gluggum leikskólans)
- Sumarhátíð (sumarhátíð var haldin án þátttöku foreldra)

Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert foreldraráð (skv. 11. gr. laga um leikskóla no. 90), þar sem sitja að lágmarki þrír foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda (fræðslunefndar), (sbr. 2. gr. 4. gr. laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Að auki hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráðið starfaði samkvæmt starfsreglum sem það setti sér en skólaárið 2020-2021 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldraráði:

Sandra Hrönn Traustadóttir	foreldri á Draumalandi
Elísa Gyrðisdóttir	foreldri á Álfalandi
Þórleif Guðjóndóttir	foreldri á Álfalandi

Foreldraráðið hefur fundað einu sinni á skólaárinu en verið þess á milli í tölvupósts samskiptum. Fundirnir urðu ekki fleiri vegna Covid faraldursins.

Foreldrafélag

Fulltrúar foreldrafélagsins hittust fjórum sinnum á Teams fundum á skólaárinu. Aðalfundur foreldrafélagsins var ekki haldin í október eins og venja er vegna Covid. Foreldrar voru beðnir um að gefa kost á sér í foreldrafélagið í staðin fyrir þá sem voru að ganga úr félaginu. Félagið hefur stutt vel við starf leikskólans og boðið upp á margvíslegar uppákomur eins og jólaleikrit fyrir jólin, leikrit á sumarhátíð, jólagjafir fyrir börnin, rútuferðir og danskennslu og tónlistakennslu svo eitthvað sé nefnt, lítið af þessu var þó framkvæmt þetta skólaárið vegna samkomutakmarkana.

Skólaárið 2020-2021 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldrafélaginu:

Herdís Sólborg Haraldsdóttir, formaður	foreldri á Heimalandi
Stefanía Kristjánsdóttir, ritari	foreldri á Draumalandi
Dóra Guðlaug Árnadóttir, gjaldkeri	foreldri á Heimalandi
Bryndís Jóna Halldórsdóttir	foreldri á Undralandi
Kristjana Ósk Veigarsdóttir, meðstjórnandi	foreldri á Bjarmalandi
Katla Marín Jónsdóttir, meðstjórnandi	foreldri á Álfalandi

Túlkaþjónusta fyrir foreldra

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingaráðgjöf milli foreldra og skóla sé greið, er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál, boðið að fá túlkun á upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna þessara samskipta. Þrettán tvítyngd börn voru í Krakkakoti á síðasta skólaári og kallað var eftir túlki í fimm tilvikum.

Öryggismál

Slys á börnum

Fjórtán slys voru skráð frá 1. júní 2020– 28. maí 2021. Slysin áttu sér stað bæði á leikskólalóð eða 8 slys og 5 slys inni í leikstofum leikskólans. Slysin voru flest á höfði og útlim við fall og aldrei á sama svæði, hvorki innan né utandyra. Í sjö tilfellum þurfti að leita á „Slysó“ eða til heilsugæslu/læknis. Þrjú brot, tvö á handlegg og eitt á fingri og eitt tannslys auk skurða sem þurfti að sauma. Slysaskráningum hefur fækkað örlítið á milli ára en slysin hafa verið aðeins alvarlegri s.s. beinbrot og eitt alvarlegt klemmuslys.





Slys á starfsfólki

Einn starfsmaður handleggsbrotnaði á leið til vinnu frá bílastæði við Bitakot og annar starfsmaður fór úr axlarlið við störf sín. Bæði þessi slys voru tilkynnt til Vinnueftirlitsins og annað til Sjúkratrygginga.

Skráningar og eftirlit

Á hverjum morgni áður en börnin fara út er skólalóðin yfirfarin til að tryggja að ekkert hættulegt reynist þar, eftirlitið er skráð á þar til gerð eyðublöð.

Venjulega kemur óháður aðili á hverju ári og tekur út leikskólalóðina og sendir í kjölfarið skýrslu um úttektina , þetta síðast ár hefur þó engin komið, sjálfsagt vegna Covid?

Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu heimsækir börnin venjulega á hverju ári en í ár felldu þeir niður heimsóknirnar vegna Covid faraldursins. Leikskólastjóri sá því sjálfur um fræðslu til barnanna vegna viðbragðs við eldsvoða.

Í hverjum mánuði sjá börn og starfsfólk um eldvarnareftirlit og eru gerðar skráningar á þar til gerð eyðublöð. Rýmingaráætlun er til staðar í skólanum og á hverju vori er brunaæfing.

Allar klemmuvarnir í skólanum eru til fyrirmyndar og eru settar? um leið og beiðni berst til yfirmanna fasteigna.

Endurskoðuð viðbragðsáætlun Krakkakots leit dagsins ljós í byrjun mars 2020 í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsfaraldri.

Áfallaáætlun leit einnig dagsins ljós vorið 2020.

Í tengslum við heimsókn Vinnueftirlitsins í febrúar 2021 var búin til viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegs áreitis og ofbeldis. Einnig neyðaráætlun sem sýnir verkferla ef kemur upp alvarlegt slys á barni eða starfsmanni.
Nýtt áhættumat vegna vinnuumhverfis var gert af öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði.

Húsnæði og viðhald

- Óskaland var málað og keyptur inn nýr húsbúnaður sem hæfa yngstu börnunum.
- Nýtt öryggiskerfi og nýtt brunakerfi var sett upp í Krakkakoti vor og sumar 2020.
- Smíðaður var lítill leikfangaskúr í skotinu milli Óskalands og Bjarmalands undir leikföng sem notuð eru á leiksvæðinu fyrir yngstu börnin. Er þessi leikfangaskúr algjör bylting fyrir starfsmenn á þessu svæði.
- Nýjar útihurðar voru settar upp á Undralandi og Draumalandi, tvær hvoru megin.
- Óskaland fékk sérsmíðaðan dýnuskáp.

Lokaorð

Aldrei hefði mig órað fyrir því að ári eftir að ég skrifaði lokaorðin í síðustu ársskýrslu, værum við enn í viðjum Covid-faraldursins. Sú er þó raunin og hefur skólastarfið allt litast mjög mikið af þeim takmörkunum sem settar hafa verið með reglugerðum og sóttvörnum. Við eygjum þó breytingar til batnaðar á næstunni. Ég verð þó fyrst og fremst að nefna hér í lokaorðum hvað starfsfólk Krakkakots hefur sýnt af sér mikið æðruleysi og vilja til að láta alla hluti ganga upp við áður óþekktar aðstæður. Starfsfólkið hefur lagt á sig mikla vinnu við að sótthreinsa deildarnar eftir hvern einasta vinnudag og tekið á sig mikið auka álag í upphafi hvers dags og í lok hvers dags við að klæða börn úr og í útiföt og afhenda börnin út um leikskóladyrnar þar sem foreldrar hafa ekki mátt koma inn í skólann svo vikum skiptir. Foreldrum vil ég líka hrósa sérstaklega fyrir þolinmæðina og þrautseigjuna við þessar fordæmalausu aðstæður í leikskólastarfinu. Börnin hafa lítið kippt sér upp við aðstæðurnar og ganga til hvers dags eins og ekkert hafi í skorist.

Mikið hvað ég er stolt og þakklát fyrir starfsmannahópinn hér í Krakkakoti sem hefur mætt hverjum degi með bros á vör ákveðin í að takast á við það sem dagurinn kann að bera með sér. Leikskólastarfið er skemmtilegt og gefandi og hefur svo sannarlega einnig verið það á þessu skrítna ári og ekkert hefur skyggt á jákvæðan og frábæran skólabrag í Krakkakoti.

Í miðjum Covid faraldri var einnig mjög mikil áskorun að takast á við ákvæði nýrra kjarasamninga um lengingu undirbúningstíma leikskólakennara og deildastjóra og styttingu vinnuvikunnar. Það er þó allt komið í góðan farveg og gengur vel að mati starfsfólks.

Ekki er annað hægt að segja að starfið í Krakkakoti hafi gengið afar vel þrátt fyrir sérstakar og áður óþekktar aðstæður.

Áfram Krakkakot

Hjördís Ólafsdóttir, leikskólastjóri.